

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 3. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar.

Fundurinn var haldinn föstudaginn 09.03.'07 að Þverá í Eyja- og Miklaholtshreppi og hófst kl. 21:00.

### Mættir voru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

## Dagskrá fundarins:

### 1. Erindi frá Ómari Péturssyni hjá teiknistofunni Nýhönnun f.h. Sigurðar Hreinssonar og Bryndísar Guðmundssonar að Miðhrauni III í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Óskað er eftir byggingarleyfi fyrir stækkun á íbúðarhúsi að Miðhrauni III, ásamt minniháttar stækkun á lóð. Um er að ræða steinsteypa viðbyggingu á steinsteypum undirstöðum og gólfplötu, þak er klætt bærustáli en burðarvirki þaks úr timbri.

Einnig er sótt um leyfi til að skipta um glugga í núverandi íbúðarhúsi og útliti þeirra breitt lítilega. Þá er einnig sótt um stækkun á lóð um 10 m til vesturs.

Meðfylgjandi erindinu eru byggingarnefndarteikningar.

**Samþykkt að fela byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið.**

**Hagsmunaaðilar að mati nefndarinnar eru Miðhraun ehf, eigendur jarðarinnar að Miðhrauni 1. Einnig samþykkt að fela byggingarfulltrúa að leita umsagnar skipulagsstofnunar skv. 3 tl. ákvæðis til bráðabirgða skv. skipulags- og byggingarlögum. Byggingarfulltrúa falið að afgreiða byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni ef ekki koma athugasemdir.**

### 2. Erindi frá Hallgrími N. Sigurðssyni og Kristínu S. Traustadóttur, Fannafold 52a, 112 Reykjavík.

Sótt er um leyfi til stækkunar á frístundalóð nr. 1, Kristjánsbúð landnúmer 195840 í landi Syðra-Skógarness, Eyja- og Miklaholtshreppi.

Breytingin felst í því að lóðin er stækkuð út frá suð-vestur horni núverandi lóðar, aðallega til norðurs. Lóðin er 8.355 m<sup>2</sup> en verður eftir breytingu 58.971 m<sup>2</sup>.

Byggingarreitur er óbreyttur frá fyrri skilgreiningu, en magn leyfilegra bygginga innan byggingarreits hækkar úr 250 m<sup>2</sup> í 500 m<sup>2</sup>. Einnig er um að ræða aðrar breytingar á áður samþykktum skipulags- og byggingarskilmálum dags. 12.08.2003 og á áður samþykktum afstöðuuppdraetti dags. 12.08.2003.

Meðfylgjandi erindinu eru nýir skipulags- og byggingarskilmálar dags. 05.12.2006 og auk þess nýr afstöðuuppdrauttur dags. 04.12.2006.

Meðfylgjandi er einnig viðbót við gildandi lóðarleigusamning dags. 12.08.'03 milli eigenda Syðra- Skógarness og leigutaka (umsækjanda) um leigu á lóðinni.

Viðbótarsamningurinn er dags. 22.12.'06.

**Nefndin samþykkir erindið.**

# Skipulags- og byggingarfulltrúinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Helgafellssveit

---

## 3. Erindi frá Guðmundi Kr. Unnsteinssyni f.h. Hringiðjunnar ehf, Tæknigarði, Dunhaga 5, 107 Reykjavík.

Jón Oddsson vék af fundi við afgreiðslu þessa máls.

Sótt er um leyfi fyrir uppsetningu á 21 m háu stálmastri sem reisa á að Kolviðarnesi í Eyja- og Miklaholtshreppi. Undirstöður mastursins verða steypar, ein undir hvern fót. Fyrir liggur samþykki landeiganda, Jóns Oddssonar í Kolviðarnesi, fyrir leigu á landinu og fyrir framkvæmdinni að öðru leyti. Mannvirkið verður staðsett á lóð ca. 150 m í austur frá íbúðarhúsinu að Kolviðarnesi. Gerð verður sér lóð fyrir mannvirkið.

**Nefndin samþykkir erindið samhljóða.**

## 4. Til kynningar:

- Skipulags- og byggingarfulltrúi sagði frá stöðu mála varðandi vinnu við aðalskipulag Helgafellssveitar og Eyja- og Miklaholtshrepps.
- Byggingarfulltrúi lagði fram til kynningar drög að bréfi frá Heilbrigðisfulltrúa Vesturlands.

## 5. Önnur mál.

Ekkert var tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og staðfest. Fundi slitið kl. 23:00.